

## ***Yfirlit***

Inngangur .....	2
I. Höfuð .....	3
A. Andlit og höfuðleður .....	3
B. Auga .....	3
C. Munnhol, tennur og kjálkar .....	4
D. Eyra .....	4
E. Heili og heilataugar .....	5
II. Háls .....	5
III. Brjósthol .....	6
IV. Kviðarhol og kynfæri .....	6
V. Húð .....	7
VI. Hryggsúla og mjaðmagrind .....	7
A. Hryggsúla .....	7
a. Háls hryggur .....	7
b. Brjóst hryggur .....	7
c. Lend hryggur .....	8
d. Mænuáverkar .....	8
B. Mjaðmagrind .....	8
a. Brot og/eða brotaliðhlaup á mjaðmagrind .....	8
b. Brot/brotaliðhlaup með taugaáverka .....	8
VII. Útlímaáverkar .....	9
A. Öxl og handleggur .....	9
a. Öxl, upphandleggur .....	9
b. Olnbogi, framhandleggur .....	9
c. Úlnliður, hönd .....	10
d. Finguráverkar .....	10
e. Taugaáverkar .....	12
B. Ganglimur .....	13
a. Mjöðm, lærleggur .....	13
b. Hné, fótleggur .....	14
c. Ökkli, fótur .....	14
d. Taugaáverkar .....	15
VIII. Hliðsjónarrit .....	16

## *Inngangur*

Eftirfarandi töflu um miskastig hefur örorkunefnd samið samkvæmt fyrirmælum í 3. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Í töflu sem þessari er metin skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni. Í skaðabótalögum nr. 50/1993 er um læknisfræðilega örorku notað hugtakið varanlegur miski.

Varanlegur miski er óháður orsök líkamstjóns í hverju tilviki og við mat á honum er ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni.

Örorkunefnd hefur nú aukið og endurbætt töflu um miskastig frá árinu 1994. Hefur nefndin tekið tillit til breytinga sem hafa orðið á sambærilegum töflum í nágrannalöndum okkar. Tafla sem þessi verður seint fullkomin og hún getur aldrei tekið til allra hugsanlegra líkamsáverka. Örorkunefnd telur slíka töflu þurfa að vera stöðugt í endurskoðun.

Sú tafla sem hér birtist er fyrst og fremst leiðbeinandi um mat á miskastigi vegna tiltekinna tegunda líkamstjóna.

Áverka sem ekki er getið um í töflunum verður að meta með hliðsjón af svipuðum áverkum í töflunum og hafa til hliðsjónar miskatöflur annarra landa sem getið er um í hliðsjónarritum.

Reykjavík, 21. febrúar 2006

# I. Höfuð

## A. Andlit og höfuðleður

Ekki áberandi ör í andliti	< 5 %
Ljót ör (stór, upphleypt og mislituð) eða miklar misfellur í andliti	allt að 15 %
Missir á höfuðleðri	allt að 10 %
Brot á nefbeinum með skertu loftflæði	allt að 5 %
Mjög skakkt nef með skertu loftflæði (verður ekki lagað með aðgerð)	allt að 15 %

## B. Auga

Missir á auga	25 %
Missir beggja augna	100 %
Algjör sjónmissir á auga en með möguleika á bót með aðgerð	18 %
Algjör sjónmissir á auga (sjónskerpa minni en 3/60 eða sjónsvið minna en 10 gráður)	20 %
Algjör sjónmissir á báðum augum	100 %
Algjör sjónmissir á auga með aukaverkunum (t.d. gláku)	25 %
Tvísýni	10 %
Tvísýni í ytri stöðu	allt að 5 %
Sjónsviðsskerðing að hálfu sem afleiðing af heilaskemmd	allt að 50 %
Skert sjónsvið á öðru auga	
meira en 25% skerðing í efri hluta sjónsviðs	5 %
meira en 20 % skerðing í neðri hluta sjónsviðs	5 %
meira en 40% skerðing í neðri hluta sjónsviðs	10 %
Skert sjónsvið á báðum augum	
sjónskerðing að hálfu (hemianopsi) án skemmdar á macula	35 %
sjónskerðing að hálfu (hemianopsi) með skemmd á macula	45 %
efri sjónskerðing að fjórðungi (quadrantanopsi)	8 %
neðri sjónskerðing að fjórðungi (quadrantanopsi)	15 %
Skert samhæfing augna (accomodation) fyrir 50 ára aldur	5 %
Algjört augnlokssig	allt að 18 %
Tárarennslí	allt að 10 %

S	6/6	6/9	6/12	6/15	6/18	6/24	6/30	6/36	6/60	2/60	0
6/6	0	0	0	0	5	8	10	10	12	15	20
6/9	0	0	0	5	8	10	10	12	15	18	20
6/12	0	0	5	5	10	10	10	12	15	18	20
6/15	0	5	5	10	12	15	15	18	20	25	30
6/18	5	8	10	12	25	30	35	40	45	50	55
6/24	8	10	10	15	30	35	40	45	50	55	60
6/30	10	10	10	15	35	40	45	50	60	65	70
6/36	10	12	12	18	40	45	50	55	65	70	75
6/60	12	15	15	20	45	50	60	65	75	80	85
2/60	15	18	18	25	50	55	65	70	80	95	100
0	20	20	20	30	55	60	70	75	85	100	100

Sjón á öðru eða báðum augum er metin samkvæmt ofanskráðri töflu:  
Sjónina á að meta með gleraugum ef þau bæta hana

Sjónsviðsskerðing á báðum augum allt að 20 gráðum telst sjóndepra og er metin sem 6/18 sjón	allt að	20 %
---	---------	------

### C. Munnhol, tennur og kjálkar

Missir tanna sem bættar eru með brúm eða á annan hátt	allt að	5 %
Algjör tannmissir í efri góm bættur með fölskum góm		8 %
Algjör tannmissir í neðri góm bættur með fölskum góm		10 %
Kjálkaliðir með verulega skertri hreyfigetu	allt að	10 %
Missir á stórum hluta kjálkabeina (t.d. hálfum efri eða neðri kjálka)	allt að	30 %

### D. Eyra

Missir á ytra eyra		8 %
Algjör heyrnarmissir á eyra	allt að	10 %
Algjör heyrnarmissir á báðum eyrum á barnsaldri	allt að	75 %
Algjör heyrnarmissir á báðum eyrum á fullorðinsaldri	allt að	50 %
Mikið suð eða hljómur til viðbótar heyrnamissi	allt að	8 %
Skerta heyrn á öðru eða báðum eyrum verður að meta einstaklingsbundið hverju sinni. Heyrnina á að meta með heyrnartæki ef það bætir hana.		

## E. Heili og heilataugar

Lömun á andlitstaug (n.facialis)	allt að	15 %
Lömun á báðum andlitstaugum	allt að	40 %
Missir á lyktarskyni	allt að	5 %
Missir á bragðskyni	allt að	5 %
Algjör missir á lyktar- og bragðskyni		10 %
Lömun á öðru raddbandi með verulegum talerfiðleikum	allt að	10 %
Lömun á báðum raddböndum með öndunarerfiðleikum	allt að	30 %
Algjör lömun á þrenndartaug (n.trigeminus)		10 %
Lömun á þrenndartaug (n.trigeminus) báðum megin	allt að	20 %
Taugræna verki þarf að meta sérstaklega		
Vitræn skerðing eftir heilaskaða (skilmerki elliglapa ekki uppfyllt)		
Heilkenni eftir höfuðáverka	allt að	15 %
Hefur áhrif á daglega færni	allt að	25 %
Þarf hjálp til athafna daglegs lífs	allt að	50 %
Þarf mikla daglega umönnun	allt að	75 %
Stöðug umönnun og vistun nauðsynleg	allt að	100 %
Málstol (afasi)		
með vægum tjáskiptaörðugleikum	allt að	10 %
með nokkrum tjáskiptaörðugleikum	allt að	25 %
með miklum tjáskiptaörðugleikum	allt að	50 %
með mjög miklum tjáskiptaörðugleikum	allt að	75 %
Flogaveiki eftir heilaáverka		
eitt kast og þarfnast ekki meðferðar	allt að	5 %
þarfnast meðferðar sem gengur vel, fær sjaldan eða ekki köst	allt að	10 %
þarfnast meðferðar en fær samt oft köst	allt að	25 %
þarfnast meðferðar en fær samt mjög oft köst	allt að	60 %
Helftarlömun eftir heilaáverka		
með væg einkenni (væg lömun í efri og neðri útlím)	allt að	15 %
með nokkur einkenni (skert not af efri og neðri útlím, en getur gengið)	allt að	40 %
með veruleg einkenni (t.d. alger lömun í efri og talsverð í neðri útlím)	allt að	75 %

## II. Háls

Afleiðingar barkaskurðar (Tracheostómía)	allt að	5 %
Missir barkakýlis með fistli, þarf kanýlu, afónía	allt að	50 %

### III. Brjósthol

Afleiðingar eins eða fleiri rifbrota, daglegir verkir en án skerðingar á lungnastarfsemi	allt að	5 %
Skert starfsemi hjarta og lungna metið með öndunarmælingum eða öðrum prófum á hjarta- og lungnastarfsemi (t.d. álagspróf):		
takmarkar starfs- og hreyfigetu – einkum við talsvert álag	allt að	20 %
takmarkar daglega verulega starfs- og hreyfigetu – einnig við lítið álag	allt að	50 %
mjög skert dagleg geta – mikil einkenni til staðar í hvíld	allt að	100 %
Missir á lunga, háð lungnastarfsprófum	allt að	30 %
Astmi		
Fær sjaldan köst en er háður lyfjum		10 %
Fær oft köst og er háður lyfjum	allt að	25 %

### IV. Kviðarhol og kynfæri

Missir á milta fyrir kynþroskaaldur		5 %
Kviðslit sem hefur verið lagað og gefur engin einkenni		0 %
Kviðslit sem gefur mikil einkenni og ekki er hægt að laga með aðgerð	allt að	25 %
Þrengsli á vélinda með miklum einkennum og ekki er hægt að laga með aðgerð	allt að	25 %
Ígrædd lifur sem starfar vel		40 %
Krónísk lifrabólga		20 %
með miklum einkennum	allt að	40 %
Stomia á þörmum, allt eftir tegund	allt að	25 %
Leki á hægðum – væg einkenni		15 %
Leki á hægðum – veruleg einkenni, sem ekki er hægt að laga með aðgerð		50 %
Missir á nýra		10 %
Veruleg skerðing á nýrnastarfsemi – þarfnast gerfínýra		75 %
Þvag – stomia (Kock's eða Bricker)		25-30 %
Þvagleki		
Vægur		8 %
Nokkur þvagleki, sem ekki er hægt að laga með aðgerð		40 %
Verulegur þvagleki, sem ekki er hægt að laga með aðgerð		50 %
Háður þvaglegg		20 %
Missir á eista eða eggjastokk	allt að	10 %
Missir beggja eistna, háð afleiðingum varðandi hormóna og frjósemi	allt að	25 %
Missir beggja eggjastokka, háð afleiðingum varðandi hormóna og frjósemi	allt að	25 %
Missir legs, háð afleiðingum varðandi frjósemi	allt að	15 %
Aðrir skaðar á kynfærum (missir á öðru eista, eggjastokk eða eggjaleiðara sem veldur vanda í samlífi)	allt að	15 %
Getuleysi, sem rekja má til líffæraskaða		20 %

## V. Húð

Eksem í andliti, væg einkenni	allt að	8 %
Eksem í andliti, veruleg einkenni	allt að	25 %
Eksem á handleggjum og höndum, væg einkenni	allt að	8 %
Eksem á handleggjum og höndum, veruleg einkenni	allt að	25 %
Eksem á bol, væg einkenni	allt að	8 %
Eksem á bol, mjög mikil einkenni	allt að	25 %
Missir eða veruleg aflögun konubrjósts	allt að	15 %
Ör verður að meta einstaklingsbundið. Flest ör eru ekki hamlandi en umfangsmikil og ljót ör eftir t.d. bruna geta skert viðkomandi verulega		

## VI. Hryggsúla og mjaðmagrind

### A. Hryggsúla

#### a. Hálshryggur

Væg hálstögnun, óveruleg óþægindi eða eymsli og engin hreyfiskerðing		0 %
Hálstögnun, eymsli og ósamhverf hreyfiskerðing	allt að	8 %
Hálstögnun, mikil eymsli, veruleg hreyfiskerðing, dofi og leiðniverkur án staðfests brjóskloss		10-15 %
Hálstögnun, mikil eymsli, hreyfiskerðing, staðfest brjósklos með taugarótarverk og verulegum brottfallseinkennum		15-20 %
Önnur einkenni eins og þreyta, einbeitingarörðugleikar og minnstruflanir geta fylgt hálstögnun og er innifalið		
Brot; minna en 25% samfall eða hryggtindabrot		5-8 %
Brot; 25-50% samfall með broti inn í mænugang án brottfalls-einkenna		15-18 %
Brot; meira en 50% samfall án brottfallseinkenna		25-28 %

#### b. Brjósthryggur

Áverki eða tognun með eymslum og hreyfiskerðingu		5-8 %
Brot; minna en 25% samfall eða hryggtindabrot		5-8 %
Brot; 25-50% samfall með broti inn í mænugang		15-18 %
Brot; meira en 50% samfall án brottfallseinkenna		20-23 %

### c. Lendhryggur

Mjóbakstognun, óveruleg óþægindi eða eymsli og engin hreyfiskerðing	0 %
Mjóbaksáverki eða tognun, mikil eymsli	allt að 8 %
Mjóbaksáverki eða tognun með rótarverk og taugaeinkennum	allt að 10 %
Mjóbaksáverki eða tognun með hreyfiskerðingu, viðvarandi rótarverk og taugaeinkennum	10-13 %
Mjóbaksáverki með mikilli hreyfiskerðingu, viðvarandi rótarverk og verulegum lömuna-einkennum frá sömu taug	13-18 %
Brot; minna en 25% samfall eða hrygg-tindabrot	5-8 %
Brot; 25-50% samfall með broti inn í mænugang án brottfalls-einkenna	10-13 %
Brot; meira en 50% samfall án brottfallseinkenna	20-23 %

Brot á hrygg með mænu- eða taugaáverka:

Áverkinn er metinn skv. ofangreindu, en með viðbót vegna mænu- eða taugaáverka

### d. Mænuáverkar

Minni háttar varanlegar afleiðingar, þó án blöðru- eða þarmaeinkenna	15 %
Með algjörri þarmalömun eingöngu	25-34 %
Með blöðrulömun	allt að 40 %
Með algjörri blöðru- og þarmalömun	60 %
Algert getuleysi vegna taugaskaða	20 %
Þverlömun á mænu neðan brjósthryggs	80 %
Algjör þverlömun við C5 – Th 1	90 %
Hár háls-mænuskaði (ofan C4)	100 %

## B. Mjaðmagrind

### a. Brot og/eða brotaliðhlaup á mjaðmagrind

Lítill dagleg óþægindi	allt að 5 %
Miðlungi mikil dagleg óþægindi	6-10 %
Mikil dagleg óþægindi og ósamhverfa	11-20 %
Verkir eftir áverka eða brot á rófuliðum	5 %

### b. Brot/brotaliðhlaup með taugaáverka er metið skv. ofangreindu, en með viðbót vegna taugaáverka



## VII. Útlímaáverkar

Í mati á útlímum er tekið tillit til m.a. hreyfingar, krafta, rýrnunar, óstöðugleika og verkja, eftir áverka á beinum, vöðvum sinum og taugum.

### A. Öxl og handleggur: (Hjá örvhentum er vinstri metin sem hægri)

#### a. Öxl og upphandleggur

**hægri/vinstri**

1. Daglegur áreynsluverkur með vægri hreyfiskerðingu	5 %
2. Daglegur verkur með vægri hreyfiskerðingu	8 %
3. Daglegur áreynsluverkur með hreyfiskerðingu, virkri lyftu og fráfærslu í 90 gráður	10 %
4. Daglegur áreynsluverkur með hreyfiskerðingu, virkri lyftu og fráfærslu í allt að 45 gráður	25 %
5. Stífun:	
með engri herðablaðshreyfingu	allt að 30/25 %
með góðri herðablaðshreyfingu	15 %
6. Endurtekin liðhlaup í axlarlið	10 %
7. Dagleg áreynslueymsli í axlarhyrnulið eftir liðhlaup	5 %
8. Gerviliður í öxl	15 %
9. Gerviliður í öxl með verulega skertri færni	25 %
10. Missir á báðum handleggjum	80 %
11. Missir á handlegg	65/60 %
12. Missir um upphandlegg	60/55 %

#### b. Olnbogi og framhandleggur

**hægri/vinstri**

1. Daglegur áreynsluverkur með vægri hreyfiskerðingu	5 %
2. Daglegur áreynsluverkur með miðlungs hreyfiskerðingu í olnboga eða skertri snúningshreyfingu á framhandlegg	8 %
3. Daglegur áreynsluverkur með verulegri hreyfiskerðingu í olnboga eða verulega skertri snúningshreyfingu á framhandlegg	12 %
4. Stífun:	
Í olnboga með beygju frá 60-110°	allt að 25/20 %
Stífun á framhandleggs snúning í “góðri” stöðu	15/12 %
Stífun á framhandleggs snúning í “slæmri” stöðu	20/17 %
5. Gerviliður í olnboga	15 %
6. Gerviliður í olnboga með verulega skertri færni	25 %
7. Aflimun:	
Missir um olnboga	60/55 %
Missir um framhandlegg en góða hreyfingu í olnboga	50/45 %

**c. Úlnliður og hönd****hægri/vinstri**

1. Daglegur áreynsluverkur með vægri hreyfiskerðingu	5 %
2. Daglegur áreynsluverkur með miðlungs hreyfiskerðingu í úlnlið nokkurri skekkju	8 %
3. Daglegur áreynsluverkur með verulegri hreyfiskerðingu í úlnlið og mikilli skekkju	12 %
4. Stífun á úlnlið	12-15 %
5. Áverki á framhandlegg sem orsakar skerta fingurhreyfingu, vantar 2 sm að fingurgómar (2-5) náí lófa	12 %
6. Áverki á framhandlegg sem orsakar skerta fingurhreyfingu, vantar 5 sm að fingurgómar (2-5) náí lófa	20 %
7. Missir á hendi um úlnlið	50/45 %

**d. Finguráverkar****hægri/vinstri**

1. Missir á einum fingri:	
Missir á þumalfingri með miðhandarbeini	25/20 %
Missir á þumalfingri	23/18 %
Missir á fjærkjúku og hluta af nærkjúku þumals	17 %
Missir á fjærkjúku þumals	12 %
Missir á hálfri fjærkjúku þumals	8 %
Missir á vísifingri:	10 %
Missir á fjær- og miðkjúku	10 %
Missir á fjærkjúku	5 %
Missir á löngutöng:	10 %
Missir á fjær- og miðkjúku	8 %
Missir á fjærkjúku	5 %
Missir á baugfingri eða litlafingri:	7 %
Missir á fjær- og miðkjúku	5 %
Missir á fjærkjúku	< 5 %
2. Fingurmissir, fleiri fingur:	
Missir á þumli og vísifingri	35/30 %
Missir á fjærkjúku þumals og vísifingurs	18 %
Missir á þumli, vísifingri og löngutöng	40/35 %
Missir á fjærkjúku á þumli, vísifingri og löngutöng	20 %
Missir á þumli, vísifingri, löngutöng og baugfingri	45/40 %
Missir á vísifingri og löngutöng	20/17 %
Missir á fjær- og miðkjúku á vísifingri og löngutöng	20/17 %
Missir á fjærkjúku á vísifingri og löngutöng	10 %
Missir á vísifingri, löngutöng og baugfingri	30/25 %
Missir á fjær- og miðkjúku á vísifingri, löngutöng og baugfingri	25/22 %

Missir á fjærkjúku á vísifingri, löngutöng og baugfingri	12 %		
Missir á vísifingri, löngutöng, baug- og litlafingri	35/30 %		
Missir á miðkjúku á vísifingri, löngutöng, baug- og litlafingri	30/25 %		
Missir á fjærkjúku á vísifingri, löngutöng, baug- og litlafingri	15 %		
Missir á löngutöng, baug- og litlafingri	25/20 %		
Missir á fjær- og miðkjúku á löngutöng, baug- og litlafingri	20/15 %		
Missir á fjærkjúku á löngutöng, baug- og litlafingri	10 %		
Missir á baug- og litlafingri	15 %		
Missir á fjær- og miðkjúku baug- og litlafingurs	12 %		
Missir á fjærkjúku á löngutöng og baugfingri eða á baug- og litlafingri	5 %		
Missir á öllum fingrum	50/45 %		
<b>3. Stífun á fingurliðum:</b>			
Þumall:			
Miðhandarliður (CMC I) og grunnliður (MCP) í “góðri” stöðu	10 %		
Miðhandarliður (CMC I) í “góðri” stöðu	8 %		
Miðhandarliður í “slæmri” stöðu	15 %		
Grunnliður (MCP) í “góðri” stöðu	< 5 %		
Grunnliður í “slæmri” stöðu	8 %		
Kjúkuliður (IP) í “góðri” stöðu	5 %		
Kjúkuliður í “slæmri” stöðu	8 %		
Grunnliður og kjúkuliður í “góðri” stöðu	12 %		
Liðbandaóstöðugleiki í grunnlið þumals	5 %		
<b>Aðrir finger</b>	<b>hnúaliður</b>	<b>nærkjúkuliður</b>	<b>fjærkjúkuliður</b>
Vísifingur	10-30° 5 %	10-50° 5 %	20-30° 2 %
Langatöng	10-40° 5 %	20-50° 5 %	10-40° 2 %
Baugfingur	20-50° 5 %	20-50° 5 %	10-40° 2 %
Litlifingur	20-50° 5 %	30-60° 5 %	10-40° 2 %
<p>Stífun í öllum liðum fingurs jafngildir aflimun fingursins.  Stífun í hnúa- eða nærkjúkulið í mjög slæmri stöðu getur jafngilt aflimun fingurs.  Stífun í fjærlið í mjög slæmri stöðu getur jafngilt hálfri aflimun fingurs.</p>			
<b>4. Hreyfiskerðing í fingurliðum:</b>			
Einn finger:			
Ef hreyfigeirinn er svipaður og gefinn er upp fyrir stífun á fingurliðum er skerðingin í flestum tilfellum óveruleg.			
Lítillsháttar skerðing á réttigetum leiðir ekki til miska.			
Hreyfgeta í mjög slæmum hreyfigeira getur jafngilt aflimun um sama lið.			

Fleiri fingur:  
 Hreyfiskerðinguna verður að meta einstaklingsbundið en eftirfarandi töflu má hafa sem viðmiðun:  
 Bil frá fingurgómum í lófa  
 (vísifingur, langatöng, baugfingur og litlifingur)

Fjöldi fingra	2 cm	3 cm	4 cm	5cm
1	2 %	5 %	7 %	9 %
2	6 %	8 %	10 %	12 %
3	9 %	11 %	14 %	16 %
4	12 %	15 %	18 %	20 %

#### e. Taugaáverkar

hægri/vinstri

1. Taugaáverkar á öxl eða upphandlegg:	
Algjör lömun á armflækju (plexus brachialis)	65/60 %
Lömun að hluta á armflækju	20-50/15-45 %
Algjör lömun á handkrikataug (n.axillaris)	20/17 %
Algjör lömun á aukataug (n. accessorius)	15/12 %
Algjör lömun á brjósttaug (n. thoracicus longus)	10 %
2. Taugaáverkar á olnboga, framhandlegg, úlnlið eða hendi:	
Sveifartaug:	
Há lömun - þríhöfðavöðvi (m. triceps) lamaður	25/20 %
Lömun að hluta	5-20/5-15 %
Skyn horfið	< 3 %
Ölnartaug:	
Algjör lömun	25/20 %
Lömun að hluta	5-20/5-15 %
Skyn horfið	< 5 %
Miðtaug:	
Algjör lömun	35/30 %
Lömun að hluta	5-25/5-20 %
Skyn horfið	20/17 %
Ölnar- og miðtaug:	
Algjör lömun	45/40 %
Algjör lömun frá úlnlið	40/35 %
Algjörir taugaáverkar á fingrum:	
Þumall:	
Báðar taugarnar	12/8 %
Sveifarmegin	5/3 %
Ölnarmegin	7/5 %

Vísifingur:	
Báðar taugarnar	6/4 %
Sveifarmegin	4 %
Ölnarmegin	2 %
Langatöng:	
Báðar taugarnar	5 %
Sveifarmegin	3 %
Ölnarmegin	2 %
Baugfingur:	
Báðar taugarnar	3 %
Önnur taugin	2 %
Litlifingur:	
Báðar taugarnar	3 %
Önnur taugin	2 %

## B. Ganglimur

### a. Mjöðm og lærleggur

1. Aflimur:	
Missir á ganglim um mjöðm	45 %
Missir á báðum ganglimum um mjöm	80 %
Missir um miðjan lærlegg en þolir vel gerviganglim	35 %
Missir um lærlegg en þolir illa gerviganglim	40 %
2. Stíf mjöðm í góðri stöðu	20 %
3. Aðrar afleiðingar eftir áverka:	
Góður gerviliður	15 %
Gerviliður, miklir verkir og mjög skert færni	allt að 30 %
Slæmar afleiðingar eftir áverka t.d. brott nám á liðnum með viðvarandi verk	allt að 30 %
4. Gróið mjaðmarbrot en álagsóþægindi með vægri hreyfiskerðingu	5 %
5. Gróið mjaðmarbrot en álags- og hreyfióþægindi með miðlungs hreyfiskerðingu	8 %
6. Gróið lærleggsbrot en lítilsháttar skekkja eða snúningur og væg álagsóþægindi	5 %
7. Gróið lærleggsbrot en miðlungs skekkja eða snúningur og óþægindi	8 %
8. Gróið lærleggsbrot en mikil skekkja eða snúningur og veruleg óþægindi	allt að 15 %

**b. Hné og fótleggur**

1. Aflimun:	
Missir um hné en þolir vel gerviganglim	35 %
Missir um hné en þolir illa gerviganglim	allt að 40 %
Missir um fótlegg en þolir vel gerviganglim	25 %
Missir um fótlegg en þolir illa gerviganglim	allt að 30 %
2. Stífun á hné	25 %
3. Hreyfigeta:	
Hné með allt að 5° réttiskerðingu	< 5 %
Hné sem beygir í 90°	5 %
4. Aðrar afleiðingar eftir áverka:	
Óstöðugt hné eftir liðbandaáverka með vægum einkennum	5 %
Óstöðugt hné eftir liðbandaáverka með einkennum, nokkurri vöðvarýrnun og skertri hreyfingu	8 %
Óstöðugt hné eftir liðbandaáverka með einkennum, miðlungs vöðvarýrnun og skertri hreyfingu	10 %
Óstöðugt hné með mikilli vöðvarýrnun og skertri hreyfingu	15 %
Mjög óstöðugt hné með mikilli rýrnun og eða hreyfiskerðingu	20 %
Brjóskáverki í hné með vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu	allt að 8 %
Liðþófarifa með vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu	5 %
Síendurtekin liðhlaup á hnéskel	5 %
Missir á hnéskel	10 %
Gerviliður í hné, ísettur vegna afleiðinga áverka	15 %
Gerviliður, miklir verkir og mjög skert færni	allt að 30 %
Heilkenni eftir blóðtappa í ganglim vegna áverka	5-20 %

**c. Ökkli, fótur**

1. Aflimun:	
Missir um ökkla en þolir vel gerfifót	25 %
Missir um ökkla en þolir illa gerfifót	allt að 30 %
Missir um miðjan fót með “góðan” álagsstúf	15 %
Missir um miðjan fót með “miður góðan” álagsstúf	20 %
Missir á öllum tám	10 %
Missir á stórutá og hluta af mið-fótarbeini	8 %
Missir á stórutá	5 %
Missir á fjærkjúku stórutáar	< 3 %
2. Stífun:	
Ökkli í “góðri” stöðu (0-15°)	10 %
Ökkli í “miður góðri” stöðu	allt að 20 %

Neðri völuiliður stífur í góðri stöðu	< 10 %
Stífun í grunnlið stórutáar	< 5 %
3. Hreyfigeta:	
Ökkli með óþægindi og skerta hreyfingu	5 %
Neðanvöluiliður (articulatio subtalaris) með óþægindi og skerta hreyfingu	5 %
4. Aðrar afleiðingar eftir áverka:	
Óstöðugur ökkli	< 5 %
Mjög óstöðugur ökkli og mikil einkenni	< 10 %
Afleiðingar hásinarslits með verulega skertri hreyfingu	5 %
Stytting á ganglim <2 sm	0 %
Stytting á ganglim 2-5 sm	5 %
Stytting á ganglim >5 sm	10 %

#### d. Taugaáverkar

1. Taugaáverkar á mjöðm eða lærlegg:	
Algjör spjaldflækjulömun (plexus sacralis)	50 %
Lömun að hluta á spjaldflækju	20-40 %
Algjör lömun á settaug (n.ischiadicus)	30 %
Lömun að hluta á settaug	5-15 %
Algjör lömun á lærtaug (n.femoralis)	15 %
Lömun að hluta á lærtaug	5-12 %
2. Taugaáverkar á hné eða fótlegg:	
Algjör lömun á sköflungstaug (n.tibialis)	20 %
Lömun að hluta á sköflungstaug	5-15 %
Algjör lömun á dálkstaug (n.fibularis)	15 %
Lömun að hluta á dálkstaug	5-10 %

## ***VIII. Hliðsjónarrit:***

American Medical Association: Guides to the Evaluation of Permanent Impairment, 5. útgáfa 2001.

Forskrift om menerstatning ved yrkesskade, Sosial- og helsedepartementet, Oslo 1997, síðast breytt 2003.

Fritze, Eugen: Die ärztliche Begutachtung, 2. útgáfa, Darmstadt 1986.

Marx, Hans Hermann: Medizinische Begutachtung, 5. útgáfa, Stuttgart 1987.

Medicinsk invaliditet – Gradering av medicinsk invaliditet; Sveriges Försäkringsförbund, 2004.

Mén-tabel. Arbejdsskadestyrelsen, København síðasta útgáfa janúar 2005.

Scherzer E, Krösl W: Handbuch der Chirurgischen und Neurologischen Unfallbegutachtung in der Privatversicherung, Wien – München – Bern, 1994.

Vinding Kruse, A. og Möller, J.: Erstatningsansvarsloven med kommentarer, 3. útgáfa. Jurist- og Ökonomförbundets Forlag, København 1993.